



Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði

Áfangaskýrsla 1

Styrkt af Rannsóknarsjóði
Vegagerðarinnar

Böðvar Þórisson

Þorleifur Eiríksson

Tengiliður Rannsóknarsjóðs
Kristján Kristjánsson

Janúar 2004
NV nr. 4-04

Náttúrustofa Vestfjarða
Aðalstræti 21
415 Bolungarvík

Sími: 4567005
Fax: 4567351

Kennitala: 610397-2209
Netfang: nave@nave.is
Heimasíða: <http://www.nave.is>

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	3
Rannsókn	3
AÐFERÐIR	4
Svæðaskiptingar	4
Önundarfjörðu	4
Dýrafjörður	4
NÍÐURSTÖÐUR	4
Þakkir	6

INNGANGUR

Vegna fyrirhugaðrar þverunar í Önundarfirði og Dýrafirði var gerð þar góð úttekt á dýralífi 1979 og 1984-1985. Brúin yfir Önundarfjörð var tekin í notkun 1980. Í Dýrafirði var brúin tengd 1991 og formlega opnuð 1992. Það er orðið langt um liðið frá því að firðirnir voru þveraðir og ætti áhrif þess á dýralíf að vera komið í ljós. Athugun á dýralífi eftir þverun var því orðin tímabær og ætti hún að nýtast við vegaáætlanir þar sem valið er að fara fyrir eða yfir fjörð.

Náttúrustofa Vestfjarða sótti um styrk í Rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar til að gera samburðarrannsókn í þessum fjörðum. Tengiliður Rannsóknarsjóðs Vegagerðarinnar er Kristján Kristjánsson.

Rannsókn

Rannsóknin er þrískipt; fugla-, fjöru- og botndýralíf. Athuganir verða bornar saman við fyrri rannsóknir (fyrir þverun) og kynntar í skýrslu. Fuglarannsóknin er hafin og eru fyrstu niðurstöður kynntar í kaflanum „Niðurstöður” hér í þessari áfangaskýrslu.

Fuglar

Rannsóknin verður ekki eins viðamikil og hún var hjá Guðmundi og Arnþóri „Fuglaathuganir í Dýrafirði og Önundarfirði 1985” en stuðst verður við sömu svæðin í kringum brýrnar. Í Dýrafirði verður svæði, innan línu dregin frá utanverðri Þingeyri að Lækjarósi við Mýrar (svæði A og B) athugað. Í Önundarfirði er lína dregin frá utanverðri Flateyri að Ófæru í suðri (svæði A og B) og innan hennar eru fuglar taldir. Reynt verður að miða við þær dagsetningar sem eru í skýrslu þeirra Guðmundar og Arnþórs en árstíminn skiptir mestu máli; vor (umferðafuglar), sumar (varpfuglar), ágúst-sept (ungar, umferðafuglar og fellistöðvar) og vetur (vetrarfuglar). Tími sem fer í hvert svæði er því breytilegur eftir því hvenær er farið og á hvaða svæði. Minnsti tíminn fer í vetrarfugla en mesti tíminn í varpfugla. Ein sniðtalning (1 km) verður tekin í hvorum firði fyrir sig.

Fjörur

Tvö fjörusnið verða tekin í Dýrafirði og fjörugerðir athugaðar á nokkrum stöðum. Í Önundarfirði yrðu leirurnar kortlagðar og nokkur sýni tekin. Stuðst verður við skýrslur Agnars Inólfssonar (1986) og Arnþórs o.fl. (1980).

Botnsýni

Farið verður á gúmibát í Dýrafirði og teknar þrjár stöðvar fyrir innan brú. Stuðst verður við skýrslu Jörundar og Arnþórs (1986).

Þetta er fyrsta áfangaskýrslan og dekkar hún fuglaathuganir yfir sumarið 2003 og helstu niðurstöður hvað það varðar. Lokaskýrsla um fuglaathuganir verður tilbúin sumarið 2004. Athuganir á fjörum verða árið 2004 og lokaskýrsla á árinu 2005. Botndýraathuganir verða á árunum 2004-2005 og lokaskýrsla 2005-2006.

FYRSTI HLUTI: FUGLALÍF Í ÖNUNDAFIRÐI OG DÝRAFIRÐI

AÐFERÐIR

Svæðin voru athuguð yfir sumar (varpfuglar) og síðsumar 2003. Athugun á vetrar- og vorfluglum er ólokið.

Lögð var áhersla að telja þá fugla sem notuðu fjörusvæðin og þá sem sátu á sjónum en einnig var skráð allt sem sást. Tekin var ein sniðtalning í Önundarfirði og ein í Dýrafirði.

Svæðaskiptingar

Stuðst er við svæðaskiptingu sem var notuð í skýrslu Guðmundar A. Guðmundarsonar og Arnþórs Garðarssonar (1986).

Önundarfjörður

Svæði A. Fyrir innan Önundarfjarðarbrúna. Talið er allt sem er innan vegar þ.e. votlendið, tún og gulstaramýrin inn í botni fjarðarins og Vaðlarnir.

Svæði B. Fyrir utan Önundarfjarðarbrúna að Flateyri og að Ófæru að sunnan.

Dýrafjörður

Svæði A. Fyrir innan Dýrafjarðarbrúna og inn að botni (brúin yfir Botnsá).

Svæði B. Fyrir utan Dýrafjarðarbrúna og að Þingeyri að sunnan og Lækjarós að norðan.

NIÐURSTÖÐUR

Gagnavinnslu fyrir sumarið 2003 er lokið.

Í töflu 1 er fjöldi æðarfugla eftir kyni, aldri og svæðum. Einnig er reiknaður meðalfjöldi og staðalfrávik unga á hverja kollu með unga.

Tafla 1. Æðarfugl (*Somateria mollissima*) í Dýrafirði og Önundarfirði eftir kyni og aldri.

Svæði	kk	kvk	ungar	samtals	meðaltal	staðalfr.
Dýrafj. A	1308	254	664	2226	3,65	2,04
Dýrafj. B	143	349	641	1133	2,81	1,55
Önundarfj. A	0	112	387	499	3,59	2,19
Önundarfj. B	21	321	583	925	3,01	1,90

Tafla 2. Fjöldi einstaklinga eftir tegundum sumarið 2003.

Tegund	Latína	Dýrafj.A	Dýrafj.B	Ön.A	Ön.B
Lómur	<i>Gavia stellata</i>			2	
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>				204
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax cabo</i>	2			
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	3	15		
Grágæs	<i>Anser anser</i>	66	2	37	6
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>	34		44	
Urtönd	<i>Anas crecca</i>	5		46	
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	43	4	24	44
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	2226	1133	499	925
Æðarkóngur	<i>Somateria spectabilis</i>	1			
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>			4	
Straumönd	<i>Histrionocius Histrionicus</i>			1	
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	11	8	8	20
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	37	51	13	22
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	4	10	38	
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	3	5	1	
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	8		1	8
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	1		8	
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>		2		
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>			17	2
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>		1	7	2
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	98	69	349	83
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	6		36	2
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	31	11	25	223
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	270	59		13
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	8	1	3	19
Ríta	<i>rissa tridactyla</i>			1	
Kría	<i>Sterna paradisica</i>	214	127	9	x*
Álka	<i>Alca torda</i>	18			
Langvía	<i>Urisa aalge</i>	1			
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>		1		
Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>				1
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>				4
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	2			
Samtals		3092	1499	1173	1598
Fjöldi tegunda		23	16	22	17

* Kríuvarp á Holtssandi 500-1000 varppör.

Talningar fóru fram í Önundarfirði og Dýrafirði 1. og 2. júlí 2003.

Æðarfugl (*Somateria mollissima*)

Í Öfundarfirði eru sex staðir þar sem eru æðarvörp; Ytri-Hjarðardalur, Innri-Hjarðardalur, Holt, Þórustaðir, Tannanes, Innri-Veðrará (Jónas Jónsson 2001). Tveir síðast nefndu eru fyrir innan Öfundarfjarðarbrúna.

Í Dýrafirði eru myndarleg æðarvörp á sex stöðum; Hólar, Höfði, Mýrar, Lækur, Núpur og Alviðra (Jónas Jónsson 2001). Enginn af þessum stöðum eru fyrir innan Dýrafjarðarbrúna.

Í lokaskýrslu verður gerð grein fyrir helstu tegundum fugla á svæðunum og borið saman við fyrri athuganir.

Þakkir

Starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða fá þakkir fyrir aðstoð við talningar sumarið 2003; Rannveig Þórisdóttir, Guðrún Steingrímsdóttir og Petrína F. Sigurðardóttir.

HEIMILDASKRÁ

Agnar Ingólfsson. 1986. Fjörulíf í innanverðum Dýrafirði. Fjölrit nr. 24, Líffræðistofnun Háskólans.

Arnhjór Garðarsson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir á fjörum í Önundarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur. Fjölrit nr 12, Líffræðistofnun Háskólans.

Guðmundur A. Guðmundsson og Arnhjór Garðarsson. 1986. Fuglaathuganir í Dýrafirði og Önundarfirði 1985. Fjölrit nr. 23, Líffræðistofnun Háskólans.

Jónas Jónsson. 2001. Skrá um varpjarðir á Íslandi. Bls 371-475 í: Jónas Jónsson (ritstj.). Æðafugl og æðarrækt á Íslandi. Rit Æðarræktarfélags Íslands. Mál og Mynd, Reykjavík. 528 bls.

Jörundur Svavarsson og Arnhjór Garðarsson. 1986. Botndýralíf í Dýrafirði. Fjölrit nr. 25, Líffræðistofnun Háskólans.